

*Skafthell*

MIÐSTÖÐ  
MYNDLISTAR  
Á AUSTURLANDI  
CENTER FOR  
VISUAL ART

**Skýrsla forstöðukonu fyrir árið 2012**

Unnin af Tinnu Guðmundsdóttir

## Starfsmannahald

Tveir starfsmenn störfuðu hjá Skaftfelli árið 2012, í alls 1.1 stöðugildi.

Í byrjun árs lét Þórunn Eymundardóttir af störfum, eftir sjö ár í starfi, og Tinna Guðmundsdóttir tók við sem forstöðumaður í 70% starfshlutfalli.

Litten Nyström starfaði í 40% stöðugildi sem gestavinnustofu og verkefna fulltrúi. Hennar starfshlutfall var hækkað í 50% í október.

## Húsnæði

Viðhaldi var haldið í lágmarki árið 2012 en Húsfriðunarsjóður veitti Skaftfelli styrk til að laga glugga á þriðju hæð að Austurvegi 42, árið 2011 - 300.000 kr. og aftur árið 2012 - 200.000 kr. Ráðist var í þær endurbætur og Elvar Már Kjartansson smíðaði fög í alls níu glugga á vestur og austurhlið hússins. Fögin voru settir í gluggana í september –nóvember. Allar framkvæmdir voru unnar með hliðsjón af ritröð Húsfriðunarnefndar.

Húsaþótel ehf. rak Bistrói Skaftfells, tók við rekstri í apríl 2011, og hafa þau séð um að halda við fyrstu hæðinni eftir þörfum.

Skaftfell hélt áfram að leiga Austurveg 23, Bókabúð –verkefnarými, og er það rými nýtt sem vinnuástaða fyrir gestalistamenn og kennslurými. Undirritað var samkomulag við SJ fasteignafélag þann 23. apríl 2012 og var þá samið um aðstöðugjald. Ennfremur hélt Skaftfell áfram að leigja Hóll, Vesturveg 15, og Draumhús, Norðurgötu 5, sem gestavinnustofur.

## Samstarf og þróun verkefna

Skaftfell tók á árunum 2011-2012 þátt í skammtíma-netverki sem samanstóð af Norrænum og baltneskum gestavinnustofum og bar heitið **Remote Network**. Meðlimir í netverkinu voru: Kultivator í Svíþjóð, Moks í Eistlandi, Mustarinda í Finnlandi, Nes á Skagaströnd, Nida Art Colony í Litháen, Sana Culture Manor í Eistlandi og Serde í Lettlandi.

Litten Nyström fór í tvær vinnuferðir í tengslum við netverkið, fyrst til Nida í Litháen á málstofu á vegum Nida Art Colony í maí og svo í kynnisferð til gestavinnustofunar Nes á Skagaströnd í ágúst. Skaftfell tók á móti Vytautas Michelkevicius, listrænum stjórnanda Nida Art Colony, í ágúst 2013, þar sem margt var rætt og honum kynntar aðstæður. Netverkið sótti um framhaldsstyrk til Norrænu menningargáttarinnar til að þróa samráðsgrundvöll en fékk höfnum. Hópurinn hélt áfram að vinna saman og sótti um Evrópustyrk á þessu ári. Betur verður gert grein fyrir því verkefni í næstu ársskýrslu.

Í október bauð Skaftfell að taka þátt í og vinna að fjármögnun að gríðarstóru gestavinnustofu og sýningarverkefni á vegum HIAP, Helsinki International Artist Program. Verkefnið heitið **Frontiers** og mun standa yfir í fimm ár, 2013-2018. Alls eru átta aðilar á bak við verkefnið sem samanstendur af gestavinnustofudvöl, myndlistarrannsóknunum og stórrí sýningu sem opnar samtímis í öllum gestavinnustofunum sumarið 2016 og útgáfu í kjölfarið. Styrkur fékkst frá Evrópusambandinu í verkefnið og verður betur gert grein fyrir því í næstu ársskýrslu.

Í nóvember Skaftfell vann með aðstandendum Lunga skólans, Heima og Tækniminjasafnsins að þróun samstarfsgrundvallar og aðkomu þessara aðila að

stofnun og starfsemi **Lunga skólans**. Sótt var um IPA evrópustyrk fyrir samstarfinu en því var hafnað.

## Sýningar og viðburðir

Fyrsta sýningarverkefni ársins sem nýr forstöðumaður tók við var **námskeið og sýning í samstarfi við Listaháskóla Íslands, Dieter Roth Akademiuna og Tækniminjasafnið**. Námskeiðið hefur verið haldið árlega frá því 2001 og því komin töluverð reynsla framkvæmdina. Nemendur LHÍ komu mánudaginn 13. febrúar til Seyðisfjarðar. Forstöðumaður tók á móti hópnum ásamt Birni Roth, leiðbeinandi á námskeiðinu. Í kjölfarið hófst námskeiðið og fyrsta daginn var farið Tækniminjasafnið. Í fyrri vikunni var lögð áhersla á að kynna staðnum, því sem er fyrir hendi og hugmyndavinnu. Í lok vikunnar búa nemendur til kynningarefni fyrir sýninguna, undir leiðsögn forstöðumanns. Seinni vikan fer í framleiðslu á listaverki og uppsetningu á sýningu. Sýningin fékk titilinn **Skáskegg á VHS+CD** og var aðsókn með endenum góð. Hópurinn yfirgaf fjórðinn mánudaginn 27. febrúar.

Samstarfið við Listaháskólann undanfarin ár hefur verið afar farsælt og byggst hefur upp grundvöllur fyrir samvinnu við landsbyggðina um nám í listum á háskólastigi. Umrædd námskeið eru eitt mikilvægasta verkefni Skaftfells á hverju ári. Þau sambönd sem myndast við komu nemenda LHÍ, auk gestanema frá erlendum skólum, hefur reynst mjög mikilvæg tenging við grasrótina í íslensku listalífi. Til að mynda hafa tveir nemendur af þessu námskeiði sýnt í Skaftfelli árið 2012 og 2013. Sýningin í lok námskeiðsins er iðulega einhver best sótt sýning ársins í Skaftfelli enda tækifæri fyrir Austfirðinga til að sjá hvað listamenn framtíðarinnar eru að vinna að.

Nemendur sem tóku þátt voru: Ásgrímur Þórhallsson, Ásta Fanney Sigurðardóttir, Claudia Hausfeld, Dóra Hrund Gísladóttir, Erik Hirt, Gintare Maciulskytė, Gunnar Jónsson, Halla Þórlaug Óskarsdóttir, Katla Stefánsdóttir, Katrín Erna Gunnarsdóttir, Sigmundur Þórðarson, Sigurður Þórir Ámundason, Steinunn Lilja Emilsdóttir og Viktor Pétur Hannesson.

Gestir á sýningunni voru, samkvæmt gestabók, amk 500.

Veigamesta sýningaverkefni Skaftfells árið 2012 var **Frásagnasafnið**. Það stóð yfir í tvö ár og á þeim tíma söfnuðust 214 frásagnir frá íbúum Seyðisfjarðar, en alls búa 650 manns í bænum. Frumkvæði af verkefninu kom frá listrænum stjórnandi Skaftfells 2011-2012, svissneska listamanninum Cristoph Büchel. Verkefnið var unnið í samvinnu við Þjóðfræðistofu, en söfnun fyrir vestan heldur áfram árið 2013.

Tilgangurinn var að safna frásögnum allra íbúa Seyðisfjarðar á árunum 2011 til 2012 og varðveita einskona svipmyndir sem saman gefa heildstæða mynd af samfélaginu. Frásagnir hafa verið teknar upp á myndband og sýndar í bækistöð verkefnisins, söfnunarmiðstöðinni, í sýningarsal Skaftfells.

Söfnunarmiðstöðin var fyrst opnuð 17. júní 2011 með 25 frásögnum. Í lok nóvember voru frásagnirnar orðnar 100 talsins og urðu þá einnig kaflaskil í verkefninu þegar að frásagnir frá Þjóðfræðistofu bættust við. Söfnunarmiðstöðin opnaði í annað sinn 12. maí 2012. Þá voru rúmlega 170 frásagnir til sýnis og þar af 25 með enskum texta. Í lokin voru frásagnirnar orðnar 214.

Alls komu fimm aðilar að söfnun frásagna. Árný Bergsdóttir var verkefnastjóri og

starfaði lengst af við verkefnið. Hún hætti störfum um mitt ár og tók forstöðumaður Skaftfells við verkefnastjórn. Aðrir sem söfnuðu viðtölum voru Kári Gunnlaugsson, Bjarki Borgþórsson, Hanna Christel Sigurkarlsdóttir og Kristján Loðmfjörð.

Í tilefni af Dögum myrkurs spila Útvarp Seyðisfjörður frásagnir úr Frásagnasafninu. Útsending hófst fimmtudaginn 8. nóvember og stóð til sunnudagsins 11. nóvember. Sent var út allan sólarhringinn en einnig var hægt á hlusta á netinu. Viðtök voru mjög góðar.

Þann 1. desember var haldin móttaka í Skaftfelli til að fagna verkefnalokum. Afrit af Frásagnasafninu voru afhent til varðveislu Bókasafni Seyðisfjarðar, Héraðskjalasafni Austfirðinga og Tækniminjasafni Austurlands. Af þessu tilefni héldu Árný Bergsdóttir og Pétur Kristjánsson stutt erindi um verkefnið, Hrafnkell Lárusson, forstöðumaður Héraðsskjalasafns Austfirðinga, forfallaðist vegna bílavandræða. Söfnunarmiðstöðin var opin almenningi til lok desember.

Fjöldi gesta sem stoppuðu í söfnunarmiðstöðinni voru, samkvæmt gestabók, amk 700.

Á árinu 2012 var lögð sérstök áhersla á **samstarf með gestalistamönnum Skaftfells** og listamönnum á svæðinu, og kanna hvað möguleikar slíkt samstarf myndi bjóða upp á. Alls fóru fram 29 viðburðir með alls 36 listamönnum, þar af 25 gestalistamönnum. Um sumarið var hleypt á stokkunum sumardagskrá sem bar yfirskriftina **Reaction Intermediate** og myndaði regnhlíf yfir öll verkefni. Titillinn vísar í þær kringumstæður sem gestalistamenn upplifa oft á meðan dvöl sinni stendur, að þurfa að bregðast hratt við óvanalegum aðstæðum. Helsti ávinningur verkefnisins er að mikil reynsla og þekking kom út úr samstarfinu við gestalistamenn sem mun nýtast við framtíðarverkefni á vegum Skaftfells. Auk þess varð til áhugaverð dagskrá með metnaðarfullum verkefnum.

Fjöldi gesta á alla viðburðina voru yfir 600.

#### Janúar

13.01.-15.01

Matt Jacobs:  
PAPERWORK  
Bókabúð, sýning

#### Mars

23.03-31.03

Judy-ann Moule:  
'I look down over my tummy and feel..'  
Vesturveggur, sýning

20.03-24.03

Fernando José Pereira:  
UNTITLED (SPEECHLESS)  
Bókabúð, sýning

#### Apríl

07.04.-31.05

Þórunn Eymundardóttir:  
HÝSI I  
Vesturveggur, sýning

28.04. kl. 17:00

GV:  
SYLT

Almenningsrými, útilistaverk í  
Hafnargarðinum

#### Júní

17.06.-27.06.

Takeshi Moro:  
FAVORITE SPOTS  
Vesturveggur, sýning

17.06.-27.06.

Anna Anders:  
COVERED  
Bókabúð, sýning

#### Júlí

06.07.-22.07.

Ting Cheng:  
(MIXTAPE) NOTES FROM THE  
MIDNIGHT MOUNTAIN - FAST  
DOWNLOAD  
Vesturveggur, sýning

06.07. kl. 18:00

Konrad Korabiewski:  
ART BOOK ORCHESTRA  
Bókabúð, gjörningur

22.07. kl. 13:00 -18:00

Jesper Fabricius, Åse Eg Jørgensen, Tumi Magnússon & Ráðhildur Ingadóttir:  
A DAY OF SUCCESSIVE HALF HOUR EXHIBITIONS  
Bókabúð, gjörningur

23.07.-08.08.

Þórunn Eymundardóttir, Litten & Hanna C. Sigurkarlsdóttir:  
ALKEMISTI: SKÍTAGULL  
Bókabúð, opin vinnustofa, verkefni & uppákomur

## Ágúst

05.08. kl. 20:00

Heilika og Ülo Pikkov:  
NIGHT SCREENING of contemporary Estonian short films  
Aðalsalur Skaftfells, kvikmyndasýning

10.08.-31.08.

Jens Reichert:  
TRYING TO TEACH ICELANDIC WHILE LIVING IN GERMANY  
Herðubreið, hljóðverk í almenningrými

10.08.-16.08.

Viktor Pétur Hannesson:  
ENDURFÆÐING SVARTA  
EINHYRNINGSINS  
Bókabúð, sýning

19.08. kl. 15:00-16:00

Stuttar eistneskar hreyfimyndir

Aðalsalur, sýningarstjórn: Heilika og Ülo Pikkov

23.08.-09.09.

Roger Döring:  
EXTRACT OF THE COMPLETE WORKS  
Vesturveggur, sýning

## September

10.09.-30.09.

Ditte Knus Tønnesen & Asle Lauvland Pettersen:  
TWIN CITY  
Bókabúð, verkefni í vinnslu

## Október

26.10.-28.10

Hilde Skevik & Guro Gomo:  
Í VÍKING  
Gestavinnustofan Norðurgata, gjörningur og innsetning

## Nóvember

24.11. kl. 15:00

Linda Persson:  
ONTOLOGICAL MEDIATION  
Bókabúð, gjörningur

24.11. kl. 16:00

Liam Sprod:  
Nuclear Futurism  
Skaftfell Bistró, bókakynning

Annað stór verkefni sem Skaftfell tók í var útilistaverkið **Tvísöngur** eftir þýska listamanninn Lukas Kühne. Undirbúningur fyrir verkefnið hófst árið 2011 en framkvæmdir fóru fram um sumarið 2012. Verkið er staðsett í í Þófunum ofan við Seyðisfjarðarkaupstað og opnaði almenningi 5. september.

Byggingarefni Tvísöngs er járnbundin steinsteypa. Það samanstendur af fimm sambyggðum hvelfingum af mismunandi stærðum. Hæð hvelfinganna er tveir til fjórir metrar og flatarmál verksins er rúmir 30 m<sup>2</sup>. Hver hvelfing fyrir sig hefur eigin tíðni sem samsvarar einum tóni í fimmundarsöng og virkar sem magnari fyrir þann tón. Tvísöngur virkar þannig sem náttúruleg umgjörð fyrir íslensku tvísöngshefðina og er bæði sjónræn og hljóðræn útfærsla á henni.

Skaftfell sýndi einnig **úrval kvikmynda frá Riff** í samstarfi við Menningarmiðstöð Fljótdalshéraðs.

Eins ber að nefna að í lok árs var hin árlega **rithöfundalest** í samstarfi við Skriðuklaustur og fleiri aðila. Í ár lásu Kristín Steinsdóttir, Kristín Ómarsdóttir, Steinunn Kristjáns, Einar Már Guðmundsson og Eiríkur Örn Norðdahl upp úr nýjum ritverkum sínum.

## Fræðsla og miðlun

Hið árlega tveggja vikna námskeið LHÍ, DRA, Tækniminjasafnsins og Skaftfells fór fram í febrúar. Þetta var 12 námskeiði og komin mikil reynsla í samstarfið.

Skaftfell hélt áfram að hafa umsjón með myndmenntarkennslu 7. -10. bekk í grunnskóla Seyðisfjarðar. Kennslan er 4 kls. á viku og hefur farið fram í Bókabúðinni – verkefnarými. Kennari var Litten Nyström. Alls héldu nemendur fjórar sýningar á verkum sínum: vorsýning, júní – Bókabúð, Geiri, september – Vesturveggur, Næturlytur, október- Bókabúð og Fundnir litir, nóvember – Bókabúð. Margir gestalistamenn tóku þátt í kennslunni, með kynningu eða verkefni fyrir nemendur. Þetta samstarf við skólann hefur gengið vel og erum við nú í samtali við skólann að vinna að því að þróa það nánar.

Gestalistamenn stóðu fyrir nokkrum viðburðum yfir árið. Alls fóru fram sjö kynningar á listamönnum og verkefnum:

27.01. kl. 17:00

**Marcellvs L.**

Aðalsalur Skaftfells, listamannspjall

20.02. kl. 14:00

**Erwin van der Werve og Þóra Sólveig**

**Bergsteinsdóttir**

Aðalsalur Skaftfells, listamannspjall

19.03. kl. 14:00

**Judy-ann Moule og Fernando José Pereira**

Aðalsalur Skaftfells, listamannspjall

29.03.

**Judy-ann Moule og Fernando José Pereira**

Menntaskólinn á Egilsstöðum, listamannspjall

10.04. kl. 18:00

**GV**

Bókabúð, kynning á verkefninu Sylt

10.08. kl. 15:30

**Jens Reichert og Ülo Pikkov**

Aðalsalur Skaftfells, listamannspjall

26.11

**Linda Persson og Liam Sprod**

Menntaskólinn á Egilsstöðum, listamannspjall

Nokkrir gestlistamenn voru með opnar vinnustofur í lok dvalar sinnar:

21.04. kl. 16:00-18:00

**Judy-ann Moule**

Gestavinnustofan Hóll, opin vinnustofa

28.10.-29.10

**Else Ploug Isaksen: WE'LL TAKE YOU THERE**

Gestavinnustofan Hóll, opin vinnustofa

29.08. kl. 14:00-18:00

**Julia Martin**

Skaftfell, opin vinnustofa

03.11. kl. 14:00-17:00

**Linda Persson**

Gestavinnustofan Skaftfell, opin vinnustofa

Skaftfell hélt utan um Dag myndlistar sem er haldin á vegum SÍM. Haft var samband við myndlistarmenn á Austurlandi og þeim boðið þátttaka.

03.11. kl. 14:00-17:00

**Ólöf Björk Bragadóttir**

Sláturhúsið, opin vinnustofa

**Íris Lind Sævarsdóttir**

Sláturhúsið, opin vinnustofa

**Garðar Eymundsson**

Norðurgötu 5, 1. hæð, opin vinnustofa

**Helgi Örn Pétursson**

Fossgötu 4, opin vinnustofa

**Konrad Korabiewski**

Árstígur 6, opin vinnustofa

**Linda Persson**

Gestavinnustofan Skaftfell, opin vinnustofa

**Linus Lohmann**

Bjólfsögötu 4, opin vinnustofa

**Litten Nyström**

Bjólfsögötu 4, opin vinnustofa

**Þórunn Eymundardóttir**

Fossgötu 4, opin vinnustofa

**Ríkharður Valtingoer**

Fjarðarbraut 42, opin vinnustofa

**Rósa Valtingoer**

Fjarðarbraut 42, opin vinnustofa

**Sólrún Friðriksdóttir**

Fjarðarbraut 42, opin vinnustofa

**Viktor Pétur Hannesson**

Frystihúsið – Bankastræti 1, opin vinnustofa

**Zdenek Patak**

Fjarðarbraut 42, opin vinnustofa

Fræðsluverkefnið *Hvað býr í kassanum – myndlistarannsókn fyrir ungt fólk* var þróað í samstarfi við Hildigunni Birgisdóttur árið 2011. Ekki náðist að fjármagna verkefnið að fullu það ár og var þeirri vinnu haldið áfram 2012 en án árangurs. Skaftfell hyggst halda áfram að vinna með Hildigunni og mögulega þróa verkefnið úr farandverkefni yfir í einfaldari umgjörð þar sem boðið verður upp á námskeið fyrir myndlistarkennara. Þessi vinna heldur áfram.

Annað fræðsluverkefni sem er í salti er **námskeið fyrir erlendar akademíunar**. Það var einnig þróað árið 2011 og búið til módel af námskeiðinu. Ekki gafst mikill tími til að þróa þetta verkefni áfram árið 2012 en á síðustu mánuðum hefur verið að glæðast líf og hugsanlega næst að halda eitt námskeið í örlítið breyttri mynd á þessu ári.

## Gestavinnustofu starfsemi

Á árinu 2012 rak Skaftfell þrjár gestavinnustofur: Skaftfell, Norðurgata og Hóll. Aðstaðan var leigð út í samtals 30 mánuði, af 33, en þrjár mánuðir voru ónýttir sökum forfalla. Alls komu 28 listamenn og einn hópur með 8 meðlimum. Af öllum þessum fjölda var einn íslenskur listamaður. Flestir listamenn dvöldu í einn mánuð, eingöngu fimm listamenn dvöldu lengur. Umsóknarferli, verð og skipulag var með sama sniði og árið áður. Fyrir dvöl á árinu 2012 bárust 82 umsóknir.

Þeir listamenn sem döldust í gestavinnustofum Skaftfells á árinu voru:

[Asle Lauvland Pettersen](#) – NO

[Ditte Knus Tonnesen](#) – DK

[Cecilia Hultman](#) – SE

[Else Ploug Isaksen](#) – DK

[Erwin van Der Werve](#) – NL

[Fernando José Pereira](#) - PT

[Guro Gomo](#) – NO

[GV : Philipp Ackermann, Christin Berg,](#)

[Christoph Höhne, Thomas Judisch, Claus](#)

[Lehmann, Valentin Lubberger, Lasse](#)

[Wilkening & Linus Lohmann](#) - DE

[Heilika Pikkov](#) – EE

Hilde Skevik – NO

[Jens Reichert](#) – DE

[Judy-Ann Moule](#) - AU

[Julia Martin](#) - DE

[Linda Persson](#) – SE

[Livia Salome Gnos](#) – CH

[Marika Takahasi](#) - JP

[Matt Jacobs](#) - USA

[Marcellvs L](#) - BR

[Nanna Nordström](#) – SE

[Rebecca Tabea Stephany](#) – DE/NL

[Roland Schön](#) - DE

[Sigrún Hrólfsdóttir](#) – IS

Stephan Perrinjaquet – CH

[Suzanna Asp](#) - SE

[Ting Cheng](#) – TW/UK

[Ülo Pikkov](#) – EE

[Þóra Sólveig Bergsteinsdóttir](#) - IS

Skaftfell hlaut styrk á árunum 2012-2013 frá **Norrænu Menningargáttinni (KKN)**, þriðja árið í röð, til þess að bjóða norrænum og baltenskum listamönnum styrk til dvalarinnar. Það voru Suzanne Asp, Linda Persson og Nanna Nordström frá Svíþjóð sem hlutu KKN styrkinn á árinu 2012.

Þess má til gamans geta að Marcellvs sem var gestalistamaður í janúar 2012 festi kaup á húsi á Seyðisfirði í lok árs 2012.

## Fjármál og fjármögnun

Fjármögnun fyrir sýninga og verkefni árið 2012 gekk ágætlega. Menningarráð Austurlands styrki **Frásagnasafnið** um 800.000 kr., **samstarf við gestalistamenn** um 800.000 kr. og **DRA+LHÍ námskeið** og sýningu um 200.000 kr. Sótt var um styrk til European Cultural Foundation fyrir **Tvisöng**, en sá styrkur fékkst ekki.

Fjármögnun fyrir fræðsluverkið **Hvað býr í kassanum?** gekk illa. Hvorki Þróunarsjóður námsgagna né Barnavinafélagið veittu styrk og þar af leiðandi neyddumst við til að setja verkefnið í salt, eins og áður hefur komið fram.

Fjármögnun fyrir **gestavinnustofur** gekk vel, KKN styrkti þrjú gestalistamenn á árinu til dvalar. Einnig náðist samkomulag við Gotehe-Institute og hafa þau gefið vilyrði til að styrkja einn þýskan listamann til dvalar árið 2013.

Skaftfell sótti einnig um **rekstrarstyrk** til MRA fyrir Bókaskáp, Geirahúsi og húsaviðhaldi, en fékk ekki úthlutað.

Annað mál sem var lögð mikil áhersla á að leita úrlausna á var skuldabréf sem hvílir á miðstöðinni. Eins og flestir vita tók Skaftfell lán frá Landsbankanum þann 16. september 2005 og eru afborganir í dag rúmlega 100.000 kr. á mánuði. Forstöðukona gekk í það að hafa samband við Landsbankann og bóka fund með formanni bankaráðs, Gunnari Helga Hálfðanarsyni. Hún og Daníel Björnsson, stjórnarmeðlimur, fórum og hittu Gunnar 4. maí 2012 og tók hann ágætlega í erindið en sagði að stjórn yrði að ganga frá málinu. Eftir sumarið sendi forstöðukona bankaráði bréf, ásamt ítarefni um starfsemina, þar sem beðið var eftir aðstoð við að leita leiða til að losa um skuldabréfið. Niðurstaðan í málinu var sú að bankaráð vísaði beiðni okkar í hérað. Forstöðukona fór og hitta Arnar Pál Guðmundsson útibússtjóra þann 22. janúar 2013 og hann bauðst til að lækka vextina á láninu. Stjórn harmaði þessi svör og fól forstöðukonu að hitta hann aftur. Í kjölfarið bauðst Daníel Björnsson, stjórnarmeðlimur, að taka málið að sér og hefur það verið í vinnslu síðan.

## Ársreikningur

Rekstrargjöld á árinu 2012 eru með svipuðu sniði og árið áður en rekstrartekjur eru lægri en árið 2011. Ástæðuna fyrir hærri tekjum árið 2011 þessu má rekja til eftirfarandi atriða.

- Í fyrsta lagi fékk Skaftfell aukaframlag árið 2011 frá Seyðisfjarðarkaupstað, eina milljón, til þess að minnka gamla skuld.
- Í öðru lagi var gestavinnustofum fjölgað um eina árið 2011, dvalargjöld hækkuð og hluti af tekjum vegna dvalargjalda á árinu 2010 var bókað á árið 2011.
- Í þriðja lagi var mikið aðhald í rekstri og starfshlutfall forstöðumanns var lækkað í 50%.

	2007	2008	2009
<b>Rekstrartekjur</b>	11,298,842	17,286,309	11,322,041
<b>Rekstrargjöld</b>	(9,235,974)	(17,220,645)	(9,549,235)
<b>Vaxtatekjur</b>	42,140	33,250	21,355
<b>Vaxtagjöld</b>	(1,157,899)	(2,389,111)	(1,603,843)
<b>Hagnaður/Tap ársins</b>	947,109	(2,290,197)	190,318

	2010	2011	2012
<b>Rekstrartekjur</b>	16,033,013	18,352,800	14,651,644
<b>Rekstrargjöld</b>	(15,942,730)	(15,095,643)	(15,206,873)
<b>Vaxtatekjur</b>	14,536	4,705	29,090
<b>Vaxtagjöld</b>	(963,875)	(934,368)	(1,355,791)
<b>Hagnaður/Tap ársins</b>	(859,056)	2,327,494	(700,653)



Þegar rekstrarreikningur síðustu ára er tekinn saman sést glögglega hversu misjöfn rekstrarárin eru. Stundum eru umfangsmikil og kostnaðarsöm verkefni, svo sem árin 2008 þegar Skaftfell tók þátt í stóru verkefni á vegum Listahátíðar í Reykjavík, og árin 2010 og 2011 þegar fékkst styrkur frá Kulturkontakt Nord vegna gestavinnustofa.

## Stjórn Skaftfells

Listrænn stjórnandi 2011 – 2012 var Cristoph Büchel

Stjórn 2011 - 2014:

Fyrir BÍL: Hrafnhildur Sigurðardóttir  
til vara Ásta Ólafsdóttir

Fyrir Skaftfellshópin: Daníel Björnsson - gjaldkeri stjórnar  
til vara Aðalheiður Borgþórsdóttir  
Hanna Sigurkarlsdóttir - formaður stjórnar  
til vara Ólafur Örn Pétursson

Fyrir SFK: Svava Lárusdóttir - ritari stjórnar og varaform.  
til vara Vilhjálmur Jónsson

Fyrir fjölsk. Garðars Eym: Helgi Örn Pétursson  
til vara Garðar Bachman

Ný stjórn verður tilnefnd á aðalfundi 2014.